

- 40** **Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um gjöld til fulltrúa stjórn-**
 20. apríl **arinnar á alþingi 1895.** — Samkvæmt allraþegnsamlegustum tillögum ráðgjafans hefur hans hátign konunginum hinn 18. þ. m. allramildilegast þóknast að samþykkja, að gjöldin til fulltrúa stjórnarinnar á hinn reglulegu samkomu alþingis 1895 skuli ákveðin 2000 krónur.

Þetta læt jeg ekki hjálða að tjá yður hjermeð þjónustusamlega, herra landshöfðingi, til þóknanlegar leiðbeiningar og birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna.

- 41**
 20. apríl

Auglýsing.

(frá landshöfðingjanum)

Með því að yfirmaður hins danska herskips, er hjer var í fyrra, hefur kvartað yfir því, að íslensk fiskiskip á fiskiveiðum innan landhelgi hafi þráfaldlega vanrækt að draga upp flagg, þegar herskipið kom í nánd við þau, og hafi því verið ómögulegt fyrir hann að sjá, nema með óþarfri fyrirhöfn, hverrar þjóðar skipin væru, þá áminnast hjermeð skipstjórar allir á íslenskum þilskipum um það, að draga upp hið danska flagg þegar hið danska eptirlitsskip kemur í nánd við þau.

- 42** **Brjef landshöfðingja til beggja amtmanna um sveitarsjóðsreikninga og**
 11. apríl **skýrs'ur um efnahag sveitarsjóða.** — Af skýrslum þeim, er þjer, herra amtmaður, sendið hingað árlega um tekjur og útgjöld sveitarsjóðanna, hef jeg orðið þess var, að reikningsfærslu í sumum hreppum er mjög ábótavant og það svo, að eigi þykir ugglaut, að reikningarnir sjeu allskostar rjettir; auk þess er allmikil ósamkvæmni í reikningsfærslunni í hinum einstöku hreppum á landinu, svo að það hefur eigi verið unnt að fá neina ljósa hugmynd um efnahag sveitarsjóðanna af skýrlum þessum, sem þó hlýtur að vera skilyrðið fyrir, að hagfræðislegar skýrslur um þetta efni nái tilgangi sínum.

Til þess að ráða bót á þessu sendi jeg yður hjermeð eyðublöð fyrir hreppsreikninga með athugasendum, sem jeg vil skora á yður að leggja fyrir sýslumenn í ömtum yðar að sjá um, að framvegis verði notuð við samning á hreppareikningum, og jafnframt því læt jeg einnig fylgja hjer með ný eyðublöð fyrir skýrslu þeirri um efnahag sveitarsjóðanna, sem sýslumenn eiga að semja og senda yður, og ber yður að gæta þess, að sýslumenn vandi skýrslu þessa og sleppi eigi úr heilum dálkum, eins og stundum hefur átt sjer stað að undanfögnu.

Reikningur

yfir tekjur og gjöld sveitarsjóðsins í N. hreppi í N. sýslu fardagaárið 189 — 189

Tekjur:		Fylgiskj. nr.	Kr.	aur.	Fylgiskj. nr.	Kr.	aur.
1. Eptirstöðvar frá f. á.:							
a. peningar	kr.						
b. innieign í kaupstað	—						
c. ógoldin sveitarútsvör	—						
d. aðrar ógreiddar tekjur	—						
2. Fátækraftund:							
a. af fasteign	kr.						
b. af lausafje	—						
3. Aukaútsvör eptir niðurfjöfnun							
4. Afgjald af jörðum:							
a. leigur	kr.						
b. landskuld	—						
5. Vextir af peningum							
6. Hundaskattur							
7. Endurgjald fyrir styrk lagðan þurfa- mönnum eldri en 16 ára.							
8. Frá öðrum hreppum fyrir styrk veitt- an þurfamönnum þeirra							
9. Sektir							
10.							
11. Lán tekið á árinu							
12. Útgjalda eptirstöðvar							
Samtals							
Tekjöld:							
1. Útgjaldaeptirstöðvar frá f. á.							
2. Til fátækraframfærslu:							
a. til munaðarlausra barna undir 16 ára aldri	kr.						
b. til þurfamanna eldri en 16 ára (og ómaga þeirra) —							
3. Til menntamála							
4. Til sýslusjóðs							
5. Til sýsluvega							
6. Kostnaður til refaveiða							
7. Vextir af skuld hreppsins							
8. Afborgun							
9. Kostnaður við sveitarstjórnina							
10. Af tekjueptirstöðvum frá f. á. er ófáanlegt							
11. Þurfamannaflutningur							
12. Greptrunarkostnaður hreppsómaga							
13. Styrkur veittur þurfam. annar hreppa							
14. Sett á vöxtu							
15.							
16. Eptirstöðvar							
a. peningar	kr.						
b. innieign í kaupstað	—						
c. ógoldin sveitarútsvör	—						
d. aðrar tekjur ógreiddar —							
Samtals							

11. apríl 1. Við 4. og 5. tekjulið ber að nefna fasteignina og hvar eða hjá hverjum peningarnir standi á vöxtum.
2. Við 7. og 8. lið ber að sundurliða, af hverjum eða fyrir hvern styrk endurgjaldið er greitt og við 12. lið hver útgjöld sjeu ógreidd.
3. Undir 10. tölulið má telja tekjuliði, sem hjer eru eigi sjerstaklega tilgreindir.
4. Undir 11. lið heyrir bráðabirgðarlán frá reikningshaldara.
5. Í fylgiskjali við 2. gjaldið ber að tilfæra allt, sem hefir verið lagt út með munaðarlausum börnum og til þurfamanna eldri en 16 ára. Aðgreiningin milli munaðarlausra barna og þurfamanna eldri en 16 ára er bygd á því, að framfæri barna til 15 ára aldurs er skoðað sem uppeldiskostnaður, sem aldrei verður krafinn af þeim, en það sem lagt er með barni lifandi foreldra, skoðast sem sem styrkur til þeirra, og fyrir styrk veittan eptir 16 ára aldur þiggendanna á að krefjast endurgjalds, að minnsta kosti að þeim látnum, ef styrkurinn hefir eigi verið eptir gefinn.
6. Í fylgiskjöllum við gjaldliðina 3. 6. og 9. til 13. ber að sundurliða útgjöldin og tilgreina hvað fyrir sig.
7. Undir 15. tölulið má telja útgjaldaliði, sem hjer eru eigi sjerstaklega tilgreindir.
8. Í fylgiskjali við 16. tölulið c. og d. ber að skýra frá, hverra manna útsvör og hverjar tekjur sjeu ógreiddar.
9. Hafi hreppurinn ekkert að tilfæra undir sumum af þeim tekju- og útgjaldaliðum, sem hjer eru tilgreindir, má sleppa þeim, en aptur má bæta öðrum við, ef þess er þörf, og þyki reikningurinn verða of langur með því að láta hverja einstaka tekju- og útgjaldagrein hafa sjerstakan lið á honum, má hafa sundurliðunina á sjerstöku fylgiskjali, og taka að eins aðalupphæðina á reikninginn.

Skýrsla

um eignir og skuldir N. hrepps í N. sýslu í fardögum 18

Eignir:		Fylgiskj. nr.	Kr.	aur.
1.	Eptirstöðvar samkvæmt hreppsreikningnum			
2.	Styrkur veittur þurfamönnum annara hreppa			
3.	Arðberandi fasteignir eptir virðingu hreppsnefndar . .			
4.	Vaxtafje			
5.				
6.	Eptirstöðvar hreppsvegasjóðsins 31. desbr. 18			
7.	Styrkur lagður þurfamönnum hreppsins kr.			
8.	Eignir, sem eigi gefa arð af sjer, eptir mati hrepps. —			
Samtals				
Skuldir:				
1.	Útgjaldaeptirstöðvar samkvæmt hreppsreikningnum . .			
2.	Lán tekið 18 hjá			
3.	Skuld til annara hreppa fyrir styrk til þurfamanna . .			
4.				
5.	Skuld hreppsvegasjóðsins 31. desbr. 18			
Samtals				

Athugasemdir.

42

1. Við 3. og 4. eignalið ber að nefna fasteignirnar og hvar eða hjá hverjum pening- 11. apríl
arnir standi á vöxtum.
2. Í 6. eignalið er gjört ráð fyrir að reikningur sje saminn fyrir hvert almanaksár
yfir kostnað við endurbætur á hreppavegum.
3. 7. og 8. liðurinn má eigi teljast með í aðalupphæð eignanna, því það gæti orðið
til þess að gefa mönnum skakka hugmynd um efnahag hreppsins. Fylgiskjal við
7. lið mætti orða þannig:

Skýrsla (Fylgiskjal).

um styrk veittan þurfamönnum í N hreppi og ómegð þeirra fram að fardögum 18

	Kr.	aur.	Kr.	aur.
A. Eptir skýrslu frá f. á.				
1. þar af er endurborgað kr.				
2. eptirgefið —				
3. ófáanlegt af því að þurfamennirnir eru dánir og hafa ekkert látið eptir sig eða eigi nóg til þess að hreppurinn fái sitt —				
B. Styrkur lagður þurfamönnum fardagaárið 18 —18 samkvæmt fylgiskjali nr. (við útgjaldalið 2 í hreppsreikningnum)				
Samtals				

1. Til þess að gjöra þetta fylgiskjal nákvæmt í fyrstu, þarf að gegnumganga hrepps-
bækurnar (ómagaskýrslur og hreppsreikninga) síðan 1834, þá er fátækrareglugjörð-
in kom út.
2. Þegar fyrsta skýrslan er í góðu lagi þarf eigi að nafngreina hvern einstakan
þurfamann undir staflíð A. nema 5 hvert ár, þegar ártalið endar á 5 eða 0.
3. Í töluliðunum 1, 2 og 3 undir A. ber að nafngreina þá, sem endurborgað er fyrir,
og eins þá, sem er eptirgefið, og hjá hverjum það er, sem styrkurinn er numinn úr
skýrslunni sem ófáanlegur.

